

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. apríl 2016
UST201602-130/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022, breyting á vatnsverndarsvæði.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er varðar vatnsverndarsvæði. Erindinu fylgir skýrslan *Vatnsverndarsvæði við Keldur á Rangárvöllum*.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að fella út vernd á hluta vatnsverndarsvæðis ofan byggðar á Rangárvöllum. Einnig kemur fram að rök fyrir breytingunni eru þau að vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu eru sum hver afmörkuð rúmt m.a. vegna takmarkaðra rannsókna á svæðunum.

Vatnsverndarsvæði

Í umfjöllun um vatnsverndarsvæði kemur fram að gert er ráð fyrir að brunnsvæði kennd við Stokkalæk og Hróarslæk falli út. Einnig verður grannsvæði í Heiðarhrauni og Brekknaheiði minnkað. Einnig kemur fram að fjarsvæði kennt við Sandgilshraun minnkar.

Í ofangreindri skýrslu Ísor, vatnsverndarsvæði við Keldur á Rangárvöllum kemur fram að brunnsvæði þau er nú njóta vatnsverndar skv. aðalskipulagi gefa af sér miklu meira vatn en byggðirnar hafa þörf fyrir í fyrirsjáanlegri framtíð. Einnig kemur fram í skýrslunni að þegar alls sé gætt virðist vel verjandi að endurskoða mörk vatnsverndarsvæðisins við Keldur.


Vatnsauðlindin


Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 kemur fram eftirfarandi í 11.gr Vernd ónýtttra vatnsbóla: „*Heilbrigðisnefnd og vatnsveitum er heimilt að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar að reglum til verndar ónýttum vatnsbólum. Slíkar reglur skal setja sem heilbrigðissamþykktir, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*“

Einnig bendir stofnunin á að í reglugerð nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/2001 um varnir gegn mengun vatns kemur fram eftirfarandi í kafla V um verndun neysluvatns: „Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Þessar ráðstafanir felast m.a. í ákvörðun um verndarsvæði og setningu heilbrigðissamþykkt, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerðar eru takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að huga að verndun mikilvægra vatnsbóla þótt þau verði ekki nýtt í viðkomandi sveitarfélagi í náinni framtíð. Stofnunin bendir á að ferskvatn er þverrandi auðlind á heimsvísu og verndun þess því afar mikilvæg til framtíðar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri